



Hveragerði - Útfelling úr snjóbræðslukerfi

Guðrún Sverrisdóttir

Greinargerð GSv-94-04

Hveragerði
Útfelling úr snjóbræðslukerfi

Hér greinir frá niðurstöðum rannsóknar á útfellingum í snjóbræðslukerfi í Hveragerði, en beiðni um rannsóknina barst Orkustofnun 6. desember.

Fyrst var kristöllun efnisins könnuð með röntgen diffraksjón tæki (XRD). Efnið reyndist að mestu ókristallað eða mjög fínkristallað. Veika toppa á línuriti má hugsa sér að tilheyri einhverju álsilíkati, en ekki er hægt að greina ákveðið kristöllunarform.

Þá var sýnið rannsakað með röntgen fluorescence tæki (XRF), en það gefur grófa efna-greiningu á helstu eftum í sýninu. Langmest er af kísli í sýninu, en næst mest af áli. Kísill (SiO_2) er allt að 90 %, en (Al_2O_3) líklega 3-5 %. Önnur efni eins og Ca eru í minna magni. Hér er því greinilega um álsilíkat að ræða. Hliðstæð efnasamsetning útfellinga er t.d. þekkt úr snjóbræðslukerfi á Seltjarnarnesi. Einnig varð álsilíkatútfell-ing í dreifikerfinu í Hveragerði á árum áður meðan jarðhitavatnið var notað beint.

Útfelling af þessu tagi hefði ekki orðið nema eitthvað af jarðhitavatni hafi fylgt guf-unni sem kerfið er hitað með. Annars er lítið vitað um svona álsilikatútfellingar og engin ráð þekkt til að losna við þær þegar þær eru orðnar til. Hvernig má koma í veg fyrir þær er einnig óljóst, en tilfelli sem þetta sýnir að rannsókna er þörf.